



Menntamálanefnd Alþingis
Unnur Kristín Sveinbjarnardóttir
nefndarritari
v/Austurvöll
150 Reykjavík

Reykjavík, 15. apríl 2010
Tilvísun: HI10030185/0.3

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um Vestfirði sem vettvangur kennslu í sjávarútvegsfræðum og vettvangur rannsókna á málefnum hafsins og strandsvæða, 114. mál.


Háskóla Íslands hefur borist ofangreind þingsályktunartillaga til umsagnar. Leitað var álit Stofnunar fræðasetra Háskóla Íslands sem mælti með að tillagan yrði samþykkt.

Að mati Háskóla Íslands er nauðsynlegt að efla rannsóknir á lífríki sjávar, ekki síst á strandsvæðum og fjörum. Á Vestfjörðum og Vesturlandi (t.d. Breiðafirði) eru ákjósanleg skilyrði til slíkra rannsókna. Háskóli Íslands stundar rannsóknir á fiskeldi og líffræði fiska frá Rannsókn- og fræðasetri sínu í Bolungarvík í samstarfi við stofnanir og fyrirtæki á Vestfjörðum. Háskóli Íslands stefnir að því að hefja rannsóknastarfsemi tengda hjarðeldi þorsks frá setri sínu á Patreksfirði með haustinu. Einnig eru stundaðar umfangsmiklar rannsóknir á strandsvæðum frá rannsóknasetri Háskólans á Stykkishólmi (Háskólasetri Snæfellsness), einkum á æðarfugli, krú og öðrum sjófuglum.

Háskólinn á gott samstarf við sjávarrannsóknasetrið Vör á Ólafsvík sem rannsakar einkum lífríki Breiðafjarðar. Eins og fram kemur í þingsályktunartillögunni er meistaranám í haf- og strandsvæðastjórnun við Háskólasetur Vestfjarða á Ísafirði og forstöðumaður Rannsókn- og fræðaseturs Háskóla Íslands í Bolungarvík hefur tekið þátt í kennslu þar. Þá hefur verið samstarf við Náttúrustofu Vestfjarða í Bolungarvík um rannsóknir á fjörusvæðum og Hafrannsóknastofnun á Ísafirði um fiskeldi.

Allmikið og gott samstarf er því milli þeirra sem stunda rannsóknir á lífríki sjávar á grunnslóð á Vestfjörðum og Vesturlandi. Þar er eðlilegur og æskilegur vettvangur fyrir slíkt samstarf og að mörgu leyti góð og einstök aðstaða. Þessar rannsóknir koma til viðbótar við rannsóknir Hafrannsóknarstofnunar á hafinu umhverfis Ísland og styrkja þær. Háskóli Íslands er hlynntur því að slíkt samstarf verði eftt og telur að þingsályktunartillagan geti stutt það.

Virðingarfyllst
f.h. Háskóla Íslands


Ingibjörg Halldórsdóttir
lögfræðingur